

**Fundargerð 396. fundar
framkvæmdastjórnar Sjúkraliðafélags Íslands,
haldinn 9. desember kl. 16.00 í félagsaðstöðu SLFÍ.**

Fundinn sátu:

Sandra B. Franks, formaður
Jóna Jóhanna Sveinsdóttir, gjaldkeri
Jóhanna Traustadóttir, ritari
Kristín Ólafsdóttir, varaformaður

Fundarritun:

Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri SLFÍ
Gestur fundarins
Haukur Harðarson frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, kynning á raunfærnimati

Dagskrá

Fundur settur

- I. **Til umræðu / kynningar**
 - A. Haukur Harðarson, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, raunfærnimat á sjúkraliðabraut.
 - B. Heilbrigðisþing 2020, þingsályktun um Landsráð
 - C. Gagnalind BSRB, kynning
 - D. Félagsstjórnarfundur, umræðan, skipan í stjórnir og trúnaðarmanna
 - E. Tilboð frá “Fætur toga”
 - F. Undirbúningur fyrir breytingar á reglum
- II. **Til afgreiðslu**
 - A. Tilnefning í stjórn Starfsþróunar- og Fræðslusjóðs
 - B. Tillaga um dagssetningu fulltrúaþings 2021
- III. **Til upplýsingar**
 - A. Samráðshópur BSRB um lífeyrismál - umræðan
 - B. Kjarasamningar/stofnanasamningar
 - C. Sjúkraliðinn og Vaktabókin

Önnur mál

- Jólakveðja

Fundargerð

1. Fundur settur

Sandra B. Franks (SBF) formaður Sjúkraliðafélags Íslands (SLFÍ) setti fund og bauð fundarmenn velkomna til fundar og gerði grein fyrir að Haukur Harðarson (HH) frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins kæmi á fundinn og gerði grein fyrir væntanlegu raunfærnimati til sjúkraliðanáms.

2. Fundargerð síðasta fundar

Jóhanna Traustadóttir (JT) ritar SLFÍ gerði grein fyrir að síðasta fundargerð væri samþykkt og komin á heimasíðu félagsins.

3. Til umræðu og kynningar

- SBF bauð Hauk velkominn og gaf honum orðið. HH gerði grein fyrir hvernig raunfærnimat fer fram og fóru yfir ákveðnar staðreyndir varðandi matið. Fram kom m.a. að raunfærnimat gefur enga afslátt af námskröfum og viðkomandi sem fer í raunfærnimat þarf að vera að lágmarki 23 ára og vera með 3 ára starfsreynslu í heilbrigðisgeiranum. Framvegis fræðslumiðstöð SLFÍ mun sjá um fræðsluna og halda utan um raunfærnimatið.
- SBF fór yfir að í framhaldi af Heilbrigðisþinginu 2020 hafi heilbrigðisráðherra hafið undirbúning að gerð þingsályktunartillögu um stofnun landsráðs sem verður ráðgefandi vettvangur um mönnun heilbrigðisþjónustunnar og menntun heilbrigðisstétta. Markmiðið er að tryggja til framtíðar nægan fjölda hæfs starfsfólks og að menntun þess fullnægi þörfum heilbrigðisþjónustunnar á hverjum tíma. Horft er til þess að meginhlutverk landsráðsins verði að koma á betra samstarfi milli hlutaðeigandi aðila og tryggja að þeir hafi sömu mynd af mönnunarþörf í heilbrigðisþjónustu.
Verkefni ráðsins verður m.a. að;
Fjalla um þörf á mönnun á fyrsta, öðru og þriðja stigi heilbrigðisþjónustunnar eins og þjónustustigin eru skilgrein í lögum um heilbrigðisþjónustu.
Leggja til lausnir á þeim vanda, greina þörf á viðbótarmenntun eða nýrri menntun.
Greina þörf á klínískum stöðum náms og starfstengdri leiðsögn fyrir heilbrigðisstarfsfólk. Efla þekkingu og skilning á störfum heilbrigðisstétta með áherslu á fjölbreytileika þessara starfa og vinna að jafnari kynjaskiptingu þar sem kynjahlutföll eru ójöfn.
Greina verkefni heilbrigðisstétta með tilliti til framtíðarskipulags og möguleikum á nýrri tækni.
Fram kom að mikilvægt verður þegar þetta starf fer af stað að SLFÍ eigi fulltrúa sem tekur þátt í þessu mikilvæga starfi sem framundan er.
- SBF gerði grein fyrir að BSBR hefði unnið í samstarfi við BHM gagnabanka sem heldur utan um launaupplýsingar opinberra stafsmanna bankinn heitir „Gagnalind“ og hafa öll aðildarfélög að bandalaginu aðgang að þessum upplýsingabanka. Stefnt er að því að launagögn frá fleiri vinnuveitendum opinberra stafsmanna verði einnig í gagnalindinni.
- SBF fór yfir umræðuna á síðasta fundi félagsstjórnar þ.s. fram kom að Austurlandsdeildin er búin að halda aðalfund. Engin önnur deild hefur haldið aðalfund og er það vegna þess ástands sem ríkir og hefur ríkt í samfélaginu. Rætt var um á félagsstjórnarfundinum að deildarnar klári aðalfundina hjá hinum deildunum fyrir 1. mars 2021 í síðasta lagi. Mögulegt verður að nota zoom-aðgang félagsins og bjóða upp á stuðning.
 - Undir þessum lið var rætt um hvernig ætti að leysa kosningar á trúnaðarmönnum? Málið rætt og bent á þann möguleika að kynna þá sem eru í framboði til trúnaðarmannastarfa á facebooksíðum eða viðlíka möguleikum og kjósa síðan skriflega og með kjörkassa, en gæta að öllum sóttvörnum.
 - Einnig kom fram að forysta félagsins geti skipað trúnaðarmenn samkvæmt lögum/reglum félagsins ef sú staða kemur upp.

- SBF sagði frá tilboði frá fyrirtæki sem hefur áhuga á í ljósi álagsins sem verið hefur á sjúkraliðum veita þeim sérstakan afslátt af göngugreiningu, góðum skóbúnaði og fleiru sem tengist góðri gönguheilsu. Málið rætt og ákveðið að koma þessum tilboðum á framfæri við félagsmenn.
- Rætt var um að uppfæra þurfi reglur svæðisdeilda, sjóða og ef tími gefst til að uppfæra trúnaðarmannahandbókina.

4. Til afgreiðslu

Tilnefning í stjórn Starfsþróunar- og fræðslusjóðs

- Málið rætt og ákveðið að Kristín Ólafsdóttir komi inn sem aðalfulltrúi (var varamaður) í stjórn og SBF var falið að ræða við hugsanlegan/væntanlegan varamann í stjórn sjóðsins.

Tillaga að dagsetningu Fulltrúaþings SLFÍ 2021

- SBF fór yfir umræðuna sem var á fundi félagsstjórna þ.s rætt var um að stefna á að halda fulltrúaþing á hefðbundnum tíma á vonandi hefðbundin hátt. Ákveðið að leggja til að þingið verði 18. maí og deginum á undan verði félagsstjórnarfundur.

5. Til upplýsinga

Umræðan í samráðshópi BSRB um lífeyrismál

- SBF fór yfir umræðuna um lífeyrismál opinberra starfsmanna. Fyrir liggur að ákveðin öfl vilja m.a. lengja starfsæfi opinberra starfsmanna og skerða réttindi enn frekar. Umræðan í samráðshópnum hefur m.a. snúist um að gæta þurfi sérstaklega að þeim lífeyrisréttindum sem opinberir starfsmenn hafa áunnið sér í gegnum tíðina í ljósi þess að þeir hafa fórnað ákveðnum gæðum á móti.

Kjarasamningar/stofnanasamningar

- Fram kom að búið er að klára samninginn við HNLFI og er sá samningur í takt við lífskjarasamninginn. Fundur verður með forsvarsfólki Reykjalundar í byrjun nýs árs og þá er samningurinn við MS setrið sá eini sem útaf stendur.
- Blaðið og vaktabókin eru í lokavinnslu og komast vonandi út til félagsmanna fyrir jólaösinna. Vaktabókinni verður ekki pakkað í ár þ.s. ekki er ráðlegt að stefna saman þeim hópi vegna margnefnds ástands. Bókin, plastið og blaðið verða sent í einum pakka til félagsmanna og munu starfsmenn Múlalundar sjá um það eins og síðastliðin ár.

- **Önnur mál**

- Rætt var um að jólakveðjur verða í útvarpi og sjónvarpi í nafni SLFÍ.

Fundi slitið kl. 18.40